

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. maí 2026

Mál nr. S-6688/2025:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari)

gegn

Guðmundi Þ. Gíslasyni

(Helgi Birgisson lögmaður)

Dómur

I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 2026, var höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 11. nóvember 2025, á hendur Guðmundi Þ. Gíslasyni, kt. [...], [...],

„fyrir líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa, laugardaginn 2. nóvember 2024, utandyra við [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], með því að hafa ýtt honum í jörðina, tekið hann hálstaki og slegið hann í andlitið, allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á augnloki og augnsvæði og yfirborðsáverka á hálsi. Með framangreindri háttsemi beitti ákærði A ógnunum og sýndi honum vanvirðandi háttsemi, yfirgang og ruddalegt athæfi.

M: 007-2024- [...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Þá gerir Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, lögmaður, fyrir hönd B, kt. [...], vegna ólögráða sonar hennar, A, kt. [...], [þá kröfu] að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 2. nóvember 2024 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því

að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kostnað vegna þóknunar lögmanns brotþola að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

2. Málið var þingfest 18. desember 2025 og neitaði ákærði sök samkvæmt ákæru. Næst var málið tekið fyrir 4. febrúar 2026 til undirbúnings aðalmeðferð sem fór svo fram 5. maí 2026.
3. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og hið sama á við um bótakrefjanda. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess aðallega krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu af bótakröfu og til þrautavara er krafist verulegrar lækkunar bótakröfunnar. Loks er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða að mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði.

II

Málsatvik

4. Samkvæmt frumskýrslu barst lögreglu tilkynning kl. 15:01 2. nóvember 2024 um yfirstandandi líkamsárás utandyra við [...] í Reykjavík. Lögregla hafi hitt á vettvangi tilkynnanda, C, sem hafi sagt lögreglu að vinkona sín hafi elt meintan árársaðíla, sem væri farinn af vettvangi. Vitnið hafi aðspurð sagst hafa séð árársaðílann ráðast á barn. Í frumskýrslunni kemur fram að vitnið C hafi farið með lögreglu til vinkonunnar sem lögregla hafi rætt við. Vinkonan, sem ekki er nafngreind í frumskýrslu, hafi sagt að meintur árársaðíli væri fyrir utan heima hjá sér í rauðri flíspeysu. Lögregla hafi farið að heimili ákærða að [...] og þar hafi hann verið ásamt konu sinni. Ákærða hafi verið kynnt réttarstaða sakbornings og að hann væri grunaður um líkamsárás.
5. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi greint frá því að fjórir krakkar hafi brotið glugga í útidyrhurð þeirra hjóna og að þetta væri í annað skipti á stuttum tíma sem það hafi gerst. Kvað ákærði krakkana hafa gert þetta með því að sparka í glerið og að sjá mætti fótspor á hurðinni. Ákærði kvaðst hafa hlaupið á eftir krökkunum og þegar komið hafi verið „út á stíginn“ hafi hann náð að grípa í einn þeirra og „snúa niður“ og hafi hann endað í blómarunna. Hafi ákærði reynt að taka hettu af drengnum til þess að geta tekið mynd af honum, þar sem hann hafi viljað ná sambandi við foreldra hans varðandi eignaspjöllin á útidyrhurð sinni. Strákurinn hafi þá slegið í hönd ákærða sem

hafi við það fengið síma sinn í andlitið og hafi ákærði slegið til baka í vinstra kinnbein árársþola einu sinni með opnum lófa. Hafi ákærði svo sleppt stráknum og sagt honum að koma aldrei aftur. Kemur fram í frumskýrslunni að engir áverkar hafi verið á hönd ákærða og að hann hafi ekki fundið til neinna eymsla eftir átökin. Þá kemur fram að ákærði hafi náð óskýrri mynd af árársþola sem hann hafi sýnt lögreglu og hafi ákærði ekki vitað hver drengurinn væri.

6. Í frumskýrslunni kemur fram að enginn árársþoli hafi gefið sig fram við lögreglu á vettvangi. Ákærði hafi verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi þar sem tekin hafi verið af honum skýrsla og hann látinn laus eftir það.
7. Í aðkomuskýrslu lögreglu kemur fram að nokkrum tímum eftir að framangreint atvik átti sér stað hafi drengirnir sem um ræddi haft samband við Neyðarlínu og tilkynnt um sjálfa sig. Hafi lögregla farið að [...] í [...] til að hitta drengina og þar hafi verið brotþoli, D, E, F og G. Brotþoli hafi verið með greinilega áverka í andliti, með glóðarauga á vinstra auga sem hafi verið talsvert bólgið.
8. Í aðkomuskýrslunni kemur fram að lögregla hafi rætt við brotþola sem hafi greint frá því að hann hafi verið ásamt félögum sínum að gera dyraat í [...]. Prakkarastrikið hafi gengið aðeins lengra en þeir hafi ætlað sér með þeim afleiðingum að eitthvað hafi brotnað. Þá hafi húsráðandi komið út og þeir hlaupið á brott. Húsráðandi, sem hafi verið eldri maður, hafi hins vegar náð brotþola, tekið í hálsmálið á peysu hans og „þannig um háls hans“ og haldið honum í jörðinni. Maðurinn hafi svo kýlt brotþola hnefahöggi í andlitið við augað þannig að hann hlaut umræddan áverka. Hafi brotþoli sagst hafa spurt manninn hvort honum hafi fundist þetta gaman og maðurinn svarað því játandi. Brotþoli hafi ekki þorað að segja föður sínum frá því sem raunverulega hafi gerst og skrökvað að honum að unglingsstrákar hafi veitt honum áverkana. Hafi brotþoli svo farið aftur út með vinum sínum og þeir hafi ákveðið að hringja í Neyðarlínuna vegna atviksins. Hafi brotþoli greint frá því að hafa skipt um yfirhöfn þar sem fjólubláa peysan hans hafi orðið mjög skítug eftir atvikið. Í skýrslunni kemur fram að rætt hafi verið við vini brotþola á vettvangi sem hafi gert grein fyrir atvikum með sambærilegum hætti og brotþoli, en þeir hafi hlaupið á brott þegar maðurinn hafi komið til dyra. Þá hafi þeir greint frá því að einn vinanna hafi framið eignaspjöllin, en drengurinn hafi á þessum tíma verið 12 ára og því ósakhæfur.
9. Vitnið C gaf skýrslu hjá lögreglu 13. maí 2025 að viðstöddum fulltrúa Barnaverndar Reykjavíkur. Greindi vitnið frá því að hafa verið ásamt H, vinkonu sinni, þegar þær hafi

séð eldri mann ýta barni inn í runna. Hafi barnið öskrað á manninn á ensku að hann væri að kæfa sig og nánar aðspurð kvað vitnið manninn hafa haldið utan um háls barnsins. Þær vinkonurnar hafi ákveðið að hringja á lögregluna og farið aðeins afsíðis til þess, en maðurinn hafi svo gengið í burtu og vinkona vitnisins hafi fylgt honum eftir í hæfilegri fjarlægð. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi vitnið farið með þeim þangað sem vinkonan hafði elt manninn og hún bent lögreglu á manninn sem um ræddi. Vitnið lýsti barninu sem ljóshærðri stelpu með „svona stutt sérstakt hár eitthvað með mjóa fætur, stutta fætur, í fjólublárrí, ljósfjólublárrí úlpu“. Nánar aðspurð kvað vitnið manninn hafa haldið „henni“ í runnunum með hendinni. Stelpan hafi skipst á að tala íslensku og ensku og hafi sagt „hættu að halda hálsinum mínum, þú ert að kæfa mig eða eitthvað“. Kvað vitnið manninn hafa haldið hálsi barnsins með annarri hendi og hafa haldið á einhverju í hinni hendinni. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa séð hverju maðurinn hélt á, en kvað vinkonu sína hafa sagt sér að hann hefði verið með „eitthvað beitt“. Svo hafi maðurinn bara hætt og gengið hratt í burtu og „stelpan“ hafi hlaupið í hina áttina. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð nein átök önnur en þau að maðurinn hafi haldið barninu í runnanum og „bara ýta eitthvað í hana“.

10. Vitnið H gaf skýrslu hjá lögreglu 16. maí 2025. Endurrit skýrslunnar ber ekki með sér að fulltrúi barnaverndar eða forráðamaður hafi verið viðstaddir skýrslutökuna og mætingarskýrsla ber þetta ekki heldur með sér, en þó má sjá undirritun aðila sem ber sama eftirnafn og vitnið á mætingarskýrslunni. Greindi vitnið frá því að hafa verið að ganga með C, vinkonu sinni, þegar þær hafi séð mann „halda stelpuna á hausinn og hún var ofan í svona tré“. „Stelpan“ hafi öskrað á manninn að sleppa sér og á hjálp og maðurinn hafi einnig öskrað á „hana“ að hann viti að „hún gerði þetta“. Þær C hafi ákveðið að hringja á lögreglu. Vitnið kvaðst svo hafa elt manninn en C, vinkona hennar, hafi beðið eftir lögreglunni. Maðurinn hafi komið að blárrí blokk og verið að ræða þar við konu með kerru þegar C hafi hringt í vitnið og spurt hvar hún væri og svo komið með lögregluna. Vitnið var spurð hvort verið gæti að barnið sem um ræddi hafi verið strákur og kvaðst vitnið halda að þetta hafi verið stelpa. Beðin um að lýsa henni kvað vitnið hana hafa verið litla, svona kannski níu ára, með stutt hár, í fjólublárrí eða bleikrí úlpu. Aðspurð um háralit hennar kvað vitnið hann hafa verið brúnan. Nánar aðspurð um hvornig maðurinn hafi haldið barninu kvað vitnið hann hafa verið að „svona kyrkja hana bak við“ og sýndi svo að hann hefði haldið með hendinni aftan á hálsinum og kvaðst aðspurð telja að hann hefði haldið með annarri hendinni. Lýsti vitnið nánar að „stelpan“

hefði legið á maganum í trjábeði sem hefði verið „með svona múr utan um“ og maðurinn hefði haldið um aftanverðan háls hennar. Vitnið kvaðst ekki hafa séð önnur átök.

11. Gögn málsins bera með sér að lögregla hafi haft samband við forráðamenn strákanna sem voru með brotaþola að gera dyraat umrætt sinn, en enginn þeirra hafi orðið vitni að meintri árás ákærða á brotaþola því þeir hafi allir hlaupið í burtu þegar ákærði kom út.
12. Á meðal gagna málsins er læknisvottorð I bráðalæknis, dags. 12. júní 2025, um komu brotaþola á bráðamóttöku. Fram kemur í vottorðinu að slysdagur sé 2. nóvember 2024 og svo segir að brotaþoli hafi komið í fylgd föður 13. nóvember 2024 til að fá skráða áverka sem hann hafi orðið fyrir við meinta líkamsárás „daginn áður“. Í vottorðinu kemur fram að brotaþoli lýsi atvikum á þann veg að hann hafi verið að gera dyraat með vinum sínum þegar rúða hafi brotnað og þeir hafi hlaupið í burtu. Brotaþoli hafi ákveðið að hætta að hlaupa og stoppað og reynt að biðjast afsökunar. Maðurinn hafi ýtt honum í jörðina, tekið hann hálstaki með annarri hendinni og haldið honum í hálstaki án þess að hann missti meðvitund. Þá hafi maðurinn kýlt brotaþola einu sinni í andlitið en engin önnur hnefahögg eða spörk hafi átt sér stað. Við skoðun sé brotaþoli með „vænt glóðarauga“ í vinstra auga og með hruflsár framan á hálsi, en engar punktblæðingar séu, hvorki á hálsi né í andliti. Þá kemur fram að áverkar „komi saman við“ lýsingu brotaþola á atvikum. Með vottorðinu fylgja ljósmyndir af andliti og hálsi brotaþola sem teknar voru á bráðamóttökunni og sýna myndirnar þá áverka sem lýst er í vottorðinu.

III

Skýrslutaka af brotaþola í Barnahúsi

13. Brotaþoli gaf skýrslu vegna málsins í Barnahúsi undir stjórn dómara 6. janúar 2025. Þar greindi hann frá því að hafa verið að gera dyraat með vinum sínum og að einn vinurinn hafi óvart brotið gler í hurðinni. Þeir hafi orðið hræddir og hlaupið í burtu en maðurinn hafi hlaupið á eftir þeim. Brotaþoli kvaðst hafa misst af vinum sínum og ákveðið að stoppa og hafi hann beðið manninn afsökunar og sagt að þetta hafi verið óvart. Maðurinn hafi sagt að það væri lygi, tekið um háls brotaþola, ýtt honum á jörðina og verið að reyna að taka mynd af brotaþola á meðan hann hafi verið að kyrkja hann. Kvaðst brotaþoli hafa spurt manninn hvort honum þætti þetta gaman sem hann hafi svarað játandi. Svo hafi maðurinn kýlt brotaþola og farið í burtu eftir það. Aðspurður kvað hann atvikið hafa gerst einhvern tímann á árinu 2024 og nánar aðspurður kvaðst hann halda að það hefði verið eftir að hann átti afmæli, sem sé [...].

14. Aðspurður kvað brotápoli það hafa verið „hrikalega óþægilegt og vont“ þegar maðurinn hafi tekið um hálsinn á honum með hendinni. Kvaðst brotápoli hafa haldið að hann væri að kyrkja sig og það hafi komið „smá rautt“ eftir það og hann hafi fundið fyrir óþægindum. Aðspurður kvaðst brotápoli ekki muna hvort hann hafi átt auðvelt með að anda þegar maðurinn tók um hálsinn. Spurður um hvernig maðurinn hafi ýtt honum í jörðina kvað brotápoli manninn hafa ýtt sér fast og það hafi verið „alveg smá vont“. Brotápoli kvaðst hafa sett hettu sína yfir andlitið þar sem hann hafi ekki viljað að einhver fullorðinn maður tæki mynd af sér án síns leyfis. Aðspurður kvaðst brotápoli ekki vera viss um hvort maðurinn hafi tekið mynd, en hann hafi í það minnsta verið að reyna það. Aðspurður kvaðst brotápoli hafa verið „liggjandi ofan á einhverjum steinum [...] eða grasi“ þegar maðurinn var að reyna að taka myndina og kvaðst hafa legið á bakinu.
15. Brotápoli var spurður hvernig hönd mannsins hafi verið þegar hann hafi kýlt brotápoli og sýndi þá brotápoli að lófinn hafi verið lokaður, þ.e. með krepptan hnefa. Spurður hvar höggið hafi lent benti brotápoli á svæðið við vinstri kinn og kvaðst hafa orðið fjólublár eða svartur eftir höggið. Þá greindi brotápoli frá því að í kring hefði verið fólk sem hefði séð þetta og tveir hefðu spurt manninn hvað hann væri að gera, en brotápoli kvaðst ekki hafa séð fólk, því hann hafi ekkert séð nema manninn, sem hafi svo farið burtu. Aðspurður kvaðst brotápoli hafa verið hræddur á meðan á þessu stóð, en kvaðst ekki hugsa mikið um þetta á þeim tíma sem skýrslutakan fór fram, því hann vilji bara leika sér við vini sína og hafa gaman.

IV

Skýrslutökur fyrir dómi

16. Ákærði greindi frá því að umræddir piltar hefðu verið búnir að gera at heima hjá honum og vera með ónæði í töluvert langan tíma fyrir umrætt atvik og þá hafi það bara verið prakkarastrik. Umræddan dag hafi ákærði verið í göngutúr og þegar hann hafi komið heim hafi hann tekið eftir að búið var að sparka rúðu í hurðinni inn. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að fara og leita að þeim sem hefðu gert þetta og kvaðst hafa þekkt þá í sjón. Ákærði kvaðst hafa komið auga á brotápoli, sem hafi verið í fjólublárrí úlpu, á tali við tvær stúlkur. Hafi brotápoli hlaupið af stað þegar hann varð ákærða var og kvaðst ákærði hafa hlaupið á eftir honum þar til brotápoli gafst upp og stoppaði. Brotápoli hafi farið að afsaka verknaðinn og sagt að þeir hefðu ekki ætlað að gera þetta og ekki vitað að þeir væru svona sterkir.

17. Ákærði kvaðst hafa spurt brotþola hverjir hinir strákarnir væru en brotþoli hafi þóst ekkert vita og svarað ákærða á ensku. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað beita neinu ofbeldi, en ætlað að ná mynd af brotþola til þess að láta lögregluna hafa. Þá hafi brotþoli ætlað að hlaupa í burtu og kvaðst ákærði hafa tekið í úlpu hans, ofarlega á brjóstinu, og brotþoli hafi bakkað að blómabeðinu sem hafi verið upphækkað. Ákærði kvaðst hafa haldið allan tímann með annarri hendi í úlpu brotþola og haldið á síma sínum í hinni hendinni og ætlað að taka af honum mynd. Brotþoli hafi verið með einhver mótmæli á ensku, dregið hettuna fyrir andlitið og þegar ákærði hafi ætlað að draga hettuna frá hafi brotþoli slegið símann úr höndum ákærða og hafi síminn farið í beðið eða við hliðina á beðinu. Ákærði hafi svo náð í símann, tekið myndina og sleppt brotþola að því loknu. Kvaðst ákærði hafa slegið brotþola utan undir með flötum lófa þegar brotþoli sló símann úr höndum ákærða og hafi þetta verið ósjálfráð viðbrögð hjá honum.
18. Aðspurður kvaðst ákærði hafa hlaupið á eftir brotþola af því hann að hafi vantað eitt-hvað til að „stoppa þessa atburðarás“ og hafi ekki haft neitt í höndunum. Hann hafi ætlað að taka mynd af brotþola sem hafi ekki viljað að hann tæki mynd. Aðspurður kvað ákærði brotþola hafa stoppað vegna þess að hann „bara guggnaði“ en þá hafi ákærði verið kominn nálægt honum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa snert brotþola fyrr en hann ætlaði að hlaupa í burtu þegar ákærði tók upp síma sinn til að taka af honum mynd. Hafi ákærði aðeins gripið í úlpu brotþola framan á brjóstinu og þá hafi brotþoli bakkað að blómabeðinu og dottið endilangur í beðið. Aðspurður neitaði ákærði að hafa ýtt honum í beðið en kvaðst hafa farið á eftir brotþola þegar hann bakkaði og datt í beðið. Þegar borinn var undir ákærða sá framburður hans hjá lögreglu að hann hafi snúið brotþola niður kvað ákærði það hafa verið ranglega orðað hjá sér.
19. Spurður hvort hann hafi haldið brotþola í beðinu svaraði ákærði: „Ég hélt í úlpuna, já.“ Ákærði var þá spurður hvort hann hefði haldið brotþola föstum og kvaðst ákærði ekki ætla að svara því. Spurður hvort brotþoli hafi beðið hann um að sleppa sér kvað ákærði hann hafa „gólað“ eitthvað á ensku en kvaðst ekki ætla að þýða enskuna. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir að brotþoli hafi beðið hann um að hætta og tók fram að brotþoli hafi ekki verið hræddur við sig og kvaðst hafa merkt það af því að hann hafi verið rólegur og spurt ákærða spurninga eins og hvort honum þætti þetta gaman og hvort hann hefði ánægju af því að ráðast á börn. Ákærði kvað brotþola hafa þagnað eftir að hann sló hann og þá hafi ákærði tekið myndina og brotþoli hafi svo staðið upp og hlaupið í burtu.

20. Sérstaklega aðspurður neitaði ákærði að hafa tekið um háls brotþola. Þá kvaðst hann ekki kannast við að hafa beitt brotþola ógnunum og kvað fráleitt að um hafi verið að ræða ruddalegt athæfi af sinni hálfu. Kvað ákærði aðspurður að málið hefði verið sér mikið áfall og ekki síður eiginkonu sinni. Aðspurður kvaðst hann sjá mjög eftir að hafa slegið brotþola en kvað það hafa verið ósjálfráð viðbrögð og enginn ásetningur verið til þess.
21. *Lögreglumaður J* gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti frumskýrslu sem hún ritaði. Kvaðst vitnið hafa farið í útkall þar sem tilkynnt hefði verið um mann sem væri að veitast að börnum. Hafi lögregla hitt tilkynnanda sem hafi farið með lögreglu til vinkonu tilkynnandans sem hafi bent lögreglu á hvar umræddur maður ætti heima. Vitnið kvaðst aðspurð eingöngu hafa rætt stuttlega við tilkynnanda og vinkonu hennar og hafi þær greint frá því að hafa séð manninn ráðast á strákinn.
22. Vitnið kvaðst hafa farið og rætt við manninn sem hafi sagt hvað hefði gerst, þ.e. að krakkar hefðu brotið rúðu í útidyrhurð heima hjá honum. Maðurinn hafi greint lögreglu frá því að hann hafi orðið reiður og elt krakkana. Kvaðst hann hafa náð einum þeirra, það hafi komið til smáátaka og strákurinn endað í blómabeði eða potti og hafi maðurinn farið með lögreglu þangað sem átökin áttu sér stað. Hafi maðurinn sagt lögreglu að hann hafi haldið stráknum niðri í þessum blómappotti og reynt að taka mynd af honum svo hann gæti náð í foreldra hans vegna eignaspjallanna, en strákurinn hafi slegið í símann þannig að maðurinn hafi fengið hann í andlitið. Maðurinn hafi viðurkennt að hafa þá slegið til drengsins með opnum lófa, svo tekið mynd og eftir það hleypt stráknum í burtu. Aðspurð um það sem haft er eftir ákærða í frumskýrslunni, að hann hafi snúið brotþola niður, svaraði vitnið að þá hafi ákærði sagt það við lögreglu á vettvangi.
23. *Lögreglumaður K* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hafa farið á vettvang með lögreglumanni J. Kvað hann þau hafa hitt ákærða sem hafi sagt að krakkar hefðu verið að gera dyraat og brotið rúðu hjá sér. Hafi ákærði sýnt þeim mynd sem hann hafi tekið af barninu sem hann hafi haldið niðri í blómabeði og hafi ákærði sagst hafa „danglað“ í barnið. Nánar aðspurður kvað vitnið ákærða hafa greint þeim frá því að hafa hlaupið á eftir krökkunum og náð einum þeirra með því að grípa í hann. Hafi hann reynt að taka mynd af stráknum sem hafi streist á móti. Kvaðst vitnið minnst þess að ákærði hafi sagt krakkann hafa slegið símann úr höndum ákærða þannig að síminn hafi farið í andlit hans og þá hafi ákærði, með opnum lófa, „danglað“ í barnið og svo tekið mynd af því.

24. *Vitnið I lækni* gaf skýrslu í gegnum síma og staðfesti læknisvottorð sitt. Í upphafi skýrslutökunnar var lækniinn spurður um misræmi í tímasetningum sem koma fram í vottorðinu. Kvað lækniinn að um greinilega innsláttarvillu væri að ræða, enda fengi það ekki staðist að áverkar brotaþola hafi verið 11 daga gamlir er hann kom á bráðamóttökuna og vísaði til ljósmynda sem teknar voru af áverkunum á bráðamóttöku og fylgdu læknisvottorðinu. Vitnið kvaðst hafa skoðað brotaþola sjálfur á bráðamóttöku og lýsti áverkum eins og gert er í vottorðinu.
25. Kvað vitnið áverkana í andliti brotaþola geta samræmst því að hann hafi verið sleginn utan undir með flötum lófa, en þeir gætu þó einnig samræmst því að hann hafi dottið og væri ekki hægt að greina nákvæmlega hvernig högg hefði valdið mari á auga. Áverkar á hálsi hafi verið hrúfl, en engar punktblæðingar eða mar hafi verið á hálsinum, sem bendi til þess að ekki hafi verið gripið svo fast um hálsinn að það hafi dugað til að valda blæðingu undir húð. Kvað lækniinn áverkana geta samræmst því að gripið hafi verið laust um hálsinn en aðrir möguleikar gætu einnig komið til greina, svo sem hnjask í átökum eða að eitthvað hafi rekist í hálsinn við átökin. Sérstaklega aðspurður hvort núnungur frá peysu- eða úlpuháls máli gæti valdið áverkanum á hálsinum kvað lækniinn að það væri mögulegt ef kraginn væri nægilega stífur. Aðspurður kvað lækniinn þurfa þungt högg til að valda glóðarauganu sem brotaþoli hafi verið með, en höggið hafi þó ekki verið svo þungt að hann hafi misst meðvitund, samkvæmt frásögn brotaþola.

V

Niðurstaða

26. Ákærða er gefið að sök að hafa á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru veist með ofbeldi að brotaþola, ýtt honum í jörðina, tekið hann hálstaki og slegið hann í andlitið, með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru. Er ákærða jafnframt gefið að sök að hafa með þessari háttsemi beitt brotaþola ógnunum og sýnt honum vanvirðandi háttsemi, yfirgang og ruddalegt athæfi. Er háttsemin í ákæru talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
27. Ákærði neitar því að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Kemur þá til úrlausnar hvort ákæruvaldið hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008. Við sönnunarmatið þarf að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. sömu laga, en samkvæmt henni metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram

komin um hver það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargjörðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

28. Hér að framan hafa málsatvik verið rakin nokkuð ítarlega, sem og framburðir ákærða og vitna fyrir dómi. Eins og að framan greinir liggur nokkuð skýrt fyrir að brotþoli fór ásamt þremur eða fjórum félögum sínum að húsi ákærða umræddan dag og gerðu þar dyraat með þeim afleiðingum að rúða í útidyrhurð brotnaði. Upplýst er í málinu að brotþoli varð ekki valdur að rúðubrotinu, heldur var það tiltekinn nafngreindur félagi hans. Þá liggur enn fremur fyrir að enginn félagi brotþola varð vitni að því sem gerðist eftir að ákærði náði brotþola, þar sem þeir höfðu þá allir hlaupið í burtu.
29. Á meðal málgagna eru skýrslur sem vitnin C og H gáfu hjá lögreglu um hálfu ári eftir að atvikið átti sér stað. Þessi vitni, sem kölluðu til lögreglu og kváðust hafa séð meinta líkamsárás ákærða á hendur brotþola, voru einungis 13 ára er atvikið átti sér stað og að mati dómsins báru skýrslur þeirra þess merki að þær hefðu þurft að njóta aðstoðar túlks við skýrslugjöfina, einkum vitnið H. Það er mat dómsins að rétt hefði verið að taka dómskýrslur af vitnunum í Barnahúsi, sbr. c-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008, eftir atvikum með aðstoð túlks, en hvorug stúlkanna hafði náð 15 ára aldri er aðalmeðferð málsins fór fram, sbr. 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þá óskaði ákærvaldið ekki eftir afstöðu dómsins um hvort leiða ætti vitnin við aðalmeðferð með vísan til 2. mgr. 116. gr. laganna, þrátt fyrir ungan aldur þeirra. Hafa skýrslur þessara vitna hjá lögreglu takmarkað sönnunargildi af þessum sökum og með hliðsjón af meginreglunni í 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 þykir ekki unnt að byggja á þeim við úrlausn málsins.
30. Framburðum ákærða og brotþola ber ekki fyllilega saman um það sem gerðist umrætt sinn, en samkvæmt framangreindu er ekki við aðra framburði að styðjast við úrlausn málsins. Þannig hefur ákærði neitað að hafa ýtt brotþola í jörðina og tekið hann háls-taki, en viðurkennir að hafa slegið hann með flötum lófa í andlitið. Kvaðst ákærði hins vegar ekki hafa haft neinn ásetning til þess að slá brotþola, heldur hafi þetta verið ósjálfráð viðbrögð við því að brotþoli hafi slegið síma úr höndum ákærða. Jafnframt hefur ákærði borið um að hafa ætlað að taka ljósmynd af brotþola í hans óþökk og hafi náð að gera það eftir að hann sló brotþola. Þá kvað ákærði að brotþoli hafi bakkað þegar ákærði tók í brjóstið á peysu hans og þannig dottið um upphækkaðan kant sem hafi verið á runnabeðinu og brotþoli hafi svo legið þar endilangur. Ákærði kvaðst ekki

hafa ýtt brotaþola ofan í beðið, heldur hafi hann bara farið á eftir honum þegar hann bakkaði, í þeim tilgangi að taka af honum mynd og kvaðst hafa haldið í peysu hans á meðan.

31. Í skýrslu sinni í Barnahúsi greindi brotaþoli frá því að hann hefði stoppað og beðið manninn afsökunar og sagt að „þetta hefði verið óvart“ og er þetta í samræmi við framburð ákærða. Þá greindi brotaþoli frá því að maðurinn hefði vænt sig um lygi, tekið um háls brotaþola, ýtt honum í jörðina og verið að reyna að taka mynd af honum á meðan hann hafi verið að kyrkja hann. Þessu næst hafi maðurinn kýlt brotaþola og svo farið í burtu. Brotaþola og ákærða ber saman um að brotaþoli hafi sett hettu sína yfir andlit sitt til að koma í veg fyrir að ákærði tæki mynd af andliti hans og jafnframt um að brotaþoli hafi legið á bakinu í beðinu á meðan ákærði tók eða var að reyna að taka mynd af honum. Í aðkomuskýrslu lögreglu er einnig haft eftir brotaþola að ákærði hafi tekið í hálsmálið á peysu hans og „þannig um háls hans“ og haldið honum í jörðinni og svo loks kýlt hann.
32. Þegar lagt er mat á sönnunargildi framburða ákærða og brotaþola er til þess að líta að þeim ber að sumu leyti saman. Þannig telst sannað að ákærði hafi slegið brotaþola í andlitið enda bera þeir báðir um það. Þá fær það einnig stoð í læknisvottorði og framburði læknisins I fyrir dómi, sem kvað glóðarauga brotaþola geta hafa komið til með þeim hætti að hann hafi verið sleginn í andlitið. Enn fremur liggja fyrir ljósmyndir af brotaþola sem sýna stórt glóðarauga vinstra megin sem styður þetta einnig. Ákærði hefur borið því við að um ósjálfráð viðbrögð hafi verið að ræða og að hann hafi ekki haft ásetning til þess að slá brotaþola. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að ákærði er fullorðinn maður og brotaþoli var nýorðinn 11 ára þegar atvikið átti sér stað. Var ákærði því í algerri yfirburðastöðu gagnvart brotaþola og hafði í fullu tré við hann. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið í brjóstið á peysu brotaþola og haldið honum niðri og hafa ætlað sér að taka af honum ljósmynd í óþökk brotaþola. Er það að mati dómsins fráleit skýring hjá ákærða að hann hafi ekki getað stjórnað gjörðum sínum umrætt sinn og slegið brotaþola óvart, jafnvel þótt brotaþoli hafi slegið símann úr höndum hans. Í þessu sambandi vísast einnig til framburðar læknisins I um að nokkuð þungt högg hafi þurft til að veita þann áverka sem brotaþoli fékk á augað. Mátti ákærða vera ljóst að með því að slá barnið í þessari stöðu var langlíklegast að það leiddi til þeirra afleiðinga sem af hlutust. Verður ákærði því sakfelldur fyrir að hafa slegið brotaþola í andlitið með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru.

33. Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa tekið um brjóstið á peysu brotaþola þannig að hann hopaði aftur á bak undan ákærða með þeim afleiðingum að hann datt í beðið. Hann hefur hins vegar alfarið neitað því að hafa ýtt brotaþola í jörðina eins og honum er gefið að sök í ákæru og brotaþoli hefur borið um. Sú háttsemi sem ákærði hefur viðurkennt er að mati dómsins óforsvaranleg valdbeiting fullorðins manns gagnvart barninu. Gegn eindreginni neitun ákærða, og eins og verknaðarlýsingu í ákæru er háttað, þykir hins vegar ekki vera sannað þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ýtt brotaþola í jörðina eins og ákært er fyrir og verður hann því ekki sakfelldur fyrir það.
34. Þá hefur ákærði staðfastlega neitað því að hafa tekið brotaþola hálstaki og kveðst einungis hafa tekið í peysu hans um brjóstið. Brotaþoli bar um það í skýrslu sinni í Barnahúsi að ákærði hefði tekið um háls hans og verið að reyna að taka mynd af honum á meðan hann hafi verið að kyrkja hann. Í aðkomuskýrslu lögreglu var hins vegar haft eftir brotaþola að ákærði hefði tekið í hálsmálið á peysu hans og „þannig um háls hans“. Í skýrslu læknisins I fyrir dómi kom fram að áverkar á hálsi brotaþola bentu til þess að ekki hefði verið gripið svo fast um hálsinn að það hafi dugað til að valda blæðingu undir húð. Þá kvað læknirinn að áverkarnir gætu stafað af öðrum ástæðum en að gripið hafi verið um hálsinn, svo sem að eitthvað hefði getað rekist í hálsinn í átökunum. Enn fremur útilokaði læknirinn ekki að núningur frá peysu- eða úlpuhálsmáli hefði getað valdið áverkanum á hálsi brotaþola. Að þessu virtu, og gegn eindreginni neitun ákærða, þykir ekki vera komin fram lögfull sönnun um að ákærði hafi tekið brotaþola hálstaki umrætt sinn. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir það.
35. Í þeirri háttsemi sem telst sönnuð samkvæmt framansögðu fólst valdbeiting sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og að mati dómsins hefur verið sýnt fram á að ákærði hafi haft ásetning til verksins og að sá ásetningur hafi stofnast í síðasta lagi þegar hann sló brotaþola í andlitið. Með háttseminni sýndi ákærði brotaþola auk þess yfirgang og ruddalegt athæfi sem og ógnandi og vanvirðandi framkomu sem refsiverð er samkvæmt 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Gat sú hegðun brotaþola að gera dyraat á heimili ákærða á engan hátt réttlætt þá valdbeitingu sem hann beitti brotaþola. Fer því fjarri að skilyrði 91. gr. laga nr. 88/2008 um borgaralega handtöku séu uppfyllt, svo sem byggt er á af hálfu ákærða, enda var brotaþoli einungis 11 ára er atvikið átti sér stað og var þar að auki ekki valdur að þeim eignaspjöllum sem urðu á útidyrhundur ákærða. Ákærða var vissulega heimilt að ræða við brotaþola til að reyna að

fá upplýsingar frá honum, en fór að mati dómsins langt út fyrir leyfileg mörk með þeirri háttsemi sem hann viðurkenndi fyrir dómi.

36. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir að slá brotþola í andlitið og beita hann ógnunum, sýna honum vanvirðandi háttsemi, yfirgang og ruddalegt athæfi. Er háttsemin sem sakfelld er fyrir rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákvörðun refsingar

37. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði, dags. 5 nóvember 2025, sem enn er óbreytt, hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar ber m.a. að horfa til þess að atлага ákærða beindist að 11 ára barni. Á hinn bóginn þykir mega horfa til hreins sakaferils ákærða og þess að hann er sýknaður af hluta sakargifta samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru. Að þessu virtu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 70. gr. almennta hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, sem bundin verður skilorði með þeim hætti sem greinir í dómsorði.

Einkaréttarkrafa

38. Af hálfu brotþola er krafist miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna ásamt vöxtum eins og greinir í ákæru. Þá er þess krafist að réttargæslumanni verði dæmd hæfileg þóknun í samræmi við tímaskýrslu.
39. Með háttsemi sinni hefur ákærði bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart brotþola, sbr. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á fjárhæð miskabóta verður að horfa til háttsemi ákærða og þeirra líkamlegu afleiðinga sem hlutust af henni. Enn fremur að þótt ekki liggi fyrir gögn um andlegar afleiðingar árásarinnar eru brot sem þessi almennt til þess fallin að valda brotþola, sem er barn að aldri, miska. Að þessu virtu, og atvikum máls að öðru leyti, þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Ekki verður séð að bótakrafan hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu fyrir kalls 26. nóvember 2025. Samkvæmt því skulu dæmdar miskabætur bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. nóvember 2024 til 26. desember 2025, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Sakarkostnaður

40. Í samræmi við málsúrslit og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til að greiða helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Helga Birgissonar lögmanns, sem í heild nemur 1.413.600 krónum, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, sem í heild nemur 530.100 krónum. Helmingur málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanns hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði að fullu 50.859 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt heildaryfirliti um sakarkostnað, sem er vegna læknisvottorðs brotþola.
41. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari.
42. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Þ. Gíslason, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 400.000 krónur í miskabætur, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 2. nóvember 2024 til 26. desember 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Helga Birgissonar lögmanns, sem í heild nema 1.413.600 krónum, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, sem í heild nemur 530.100 krónum. Helmingur málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði 50.859 krónur í annan sakarkostnað.

Guðrún Sesselja Arnardóttir